

Sp.

70. Fyrirspurnir.

[68. mál]

I. Til samgönguráðherra um endurskoðun siglingalaga.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Hvað líður störfum nefndar sem skipuð var 16. júlí 1981 til að endurskoða ákvæði siglingalaga sem lúta að björgun skipa og skiphafna?

II. Til samgönguráðherra um fjarskiptasamband við skip á Breiðafjarðarmiðum.

Frá Skúla Alexanderssyni.

Eru fyrirhugaðar einhverjar aðgerðir á vegum Landssíma Íslands til að bæta fjarskiptasamband og strandstöðvarþjónustu við skip á Breiðafjarðarmiðum?